

64 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu um**
 29. apríl **hlunnindi handa sparisjóði.** — Útaf beiðni er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjermeð veita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. maí þ. á. að reikna hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

65 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu um**
 29. apríl **hlunnindi handa sparisjóði.** — Útaf beiðni, er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Kinnunga í Þingeyjarsýslu, vil jeg hjermeð endurveita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. oktbr. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sarisjóðs.

66 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórn-**
 17. apríl **arinnar á alþingi 1897.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 13. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1897 sjeu ákveðin 2000 krónur.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

67

Samþykkt

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir nefnda sýslu um kynbætur hesta.

1. gr.

Graðhestar skulu eigi vera fleiri en 2 í hverjum hreppi sýslunnar. Nú álitur hreppsnefnd það eigi nægja, og getur hún þá með samþykki sýslunefndar veitt leyfi til, að þeir sjeu hafðir allt að 10. Þrír menn, er til þess eru kosnir af hreppsnefndinni fyrir 3 ár í senn, skulu velja graðhestaefnin, og skulu menn skyldir til að koma með þau á þann stað, er þeir ákveða.

2. gr.

Sem graðhestar skulu að eins valdir þeir hestar, er bezt fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. að þeir sjeu eigi getnir af móður og syni eða systkinum og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.

b. að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helzt í báðar ættir.

c. að þeir sjeu eigi skjóttir, blesóttir, sokkóttir, eigi glaseygðir nje hringeygðir, eða af glaseygðu eða hringeygðu kyni, nje heldur hvítir, heldur einlitir á annan hátt, og eru hvít hross allstaðar í samþykkt þessari undanskilin einlitum.

d. að þeir sjeu gervilegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkapykkir, makka-háir, hringmakkadír, þreknir um bóga og hafi sívalan búk, beinhryggjaðir en stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir og vöðvaþykkir í þjóum, hafi beina en stutta fætur, sjeu prúðir á tagl og fax, rjetthæfðir og markhæfðir, eistnaþykkir og kólfdigrir.

3. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal ala undan, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, er sett eru fyrir graðhesta. Mæður graðhesta skulu eigi vera yngri en 5 vetra og eigi eldri en 16 vetre.

4. gr.

Nú þykir líklegt að folald muni, þá er það nær tvævetrum aldri, fullnægja framangreindum skilyrðum, og skal þá ala það upp þannig: Hryssuna skal eigi hafa til nokkurrar ördugrar brúkunar, og skal hún látin ganga sem mest sjálfala. Folaldið skal ganga undir sem dílkur, að minnsta kosti til þorra loka fyrsta árið, og skal það alið á sem beztu og kjarnmestu fóðri.

5. gr.

Glaseygð graðfolöld og öll önnur graðfolöld, er eigi eru einlit, skal gelda þegar í stað, en einlita graðfola, er eigi eru glaseygðir, skal gelda á öðrum vetri fyrir sumardag fyrsta, nema þá af þeim, sem verða valdir til graðhesta. Graðhestaefni skulu valin fyrir veturnætur haustið áður.

6. gr.

Ef unnt er, skal eigi láta graðhesta fylja hryssur, fyr en þeir eru þre-
vetrir. Eigandi graðhestsins er skyldur til að ljá hestinn hreppsþjóum til af-
nota samkvæmt þessari samþykkt, þangað til hann er 6 vetra. Ef eigandileyf-
ir, má nota graðhest þangað til hann er 12 vetra. Graðhest skal gelda, þegar

67 hætt er að hafa hann til undaneldis, ef hann eptir það verður í því umdæmi, sem samþykkt þessi nær yfir.

7. gr.

Graðhestar skulu eigi hafðir til neinnar örðugrar brúkunar að sumrinu til þau ár, er þeir eru notaðir. Þeir skulu hafa gott fóður og nægilegt að vetrinum til, og eigi vera hafðir til nokkurrar örðugrar brúkunar þann tíma.

8. gr.

Nú getur eigandi graðhests, sökum efnaskorts eða af einhverjum öðrum ástæðum, eigi átt hestinn og hlýtur að selja hann, og skal þá hreppsnefndin skyld að kaupa hann af eiganda með því verði, er honum er unnt að fá fyrir hann annarsstaðar.

9. gr.

Geti hreppsnefndin eigi fengið sumargöngu fyrir graðhest á þeim stað, er hentugur þykir, og álití hreppsnefndin eigi haganlegt, að hann gangi í landi eiganda, þá ákveður hreppsnefndin hvar graðhesturinn skuli ganga í haga að sumrinu til, og ákveður nægilega þóknun fyrir allt, að 10 a. á dag, er eigandi greiðir. Enginn búandi maður má skorast undan að taka graðhest í land sitt.

10. gr.

Allar þær hryssur í hreppnum, er eigendur vilja láta fyljast, skal leiða undir graðhest á tímabilinu frá 1. maí til 25. júní.

Fyrir hverja hryssu, sem leidd er undir graðhest, skal gjalda eiganda hestsins 3 krónur.

11. gr.

Hryssu, sem fyljast hefir, skal eigi hafa til nokkurrar örðugrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrarlagi.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 50 kr. Renni fjórðungur sektarinnar til uppljóstrarmanns, en afgangurinn í hreppssjóð, og ber hreppsnefndinni að hafa eptirlit með að samþykktinni sje hlýtt og kæra þá, er brjóta gegn henni, fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi.

* * *

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. júlí 1897, og kunngjöríst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, 3. dag maímán. 1897

J. Havsteen.